

## BÆJAR- OG HÉRAÐSBÓKASAFNIÐ ÍSAFIRÐI

### ÁRSSKÝRSLA 1991(1990)

**ÚTLÁN:** Á árinu voru heildarútlán safnsins 22.025 bindi, en voru 25.792 árið 1990. Í aðalsafni voru útlán 18.455 bindi (21.736), í Hnífsdalssafni voru útlánin 1.493 (1.812), og til stofnana o.fl. voru þau 2.077 (2.339) bindi.

Af heildarútlánunum voru barnabækur 6.203 bindi eða 28% (sem er 12.5% samdráttur frá 1990), skáldrit voru 8.468 eða 39% (miðað við 44% sl. ár eða 25% samdráttur) og flokkað efni (fræðirit) 7.354 bindi eða 33% (sem er óbreytt frá fyrra ári en aukning að tiltölu).

Bent er á að framangreindar tölur eiga aðeins við bækur sem lánaðar eru út úr safninu - lán á lesstofu, leskróka, handbókalán, blaða og tímaritalán o.þ.h. eru ekki talin með. Áætlað er að þessi innanhússnotkun nemi u.þ.b. 50% af útlánunum safnsins. Útlán á hvern íbúa bæjarins voru tæp 7 bindi. Allmikið hefur dregið úr útlánunum skáldsagna hér undanfarin ár, eins og reyndar í öðrum söfnum landsins.

Útlán og notkun fræðiefnis hefur aukist á sama tíma.

Þessi þróun stafar fyrst og fremst af stórauknu framboði afþreyingarefnis í fjölmiðlum og myndbandaleigum, verulega meiri áherslu skóla á notkun myndefnis með skýringatexta í stað samfellds texta.

Og síðast en ekki síst eiga mjög minnkandi framlög til bókakaupa undanfarin ár sinn þátt í þessari óheillaþróun.

**MILLISAFNALÁN:** Rit lánuð öðrum söfnum voru 4 (95), og rit fengin að láni voru 242 (64). Veruleg aukning er í útvegum erlendra rita um tiltekin málefni. Ymist eru þau fengin frá sérfræðisöfnum í Reykjavík eða frá Skandinavíu, en í ljós hefur komið að afgreiðsla slíkra lána er umtalsvert fljólegri utanlandsfrá en frá Reykjavík og verulega ódýrari.

**ÖNNUR ÚTLÁN:** Auk venjulegra útlána voru 179 (177) bækur lánaðar íbúum sýslunnar. Í stofnunum voru lánaðar út 1.499 bækur, en árið áður (1.564) bækur. Önnur útlán m.a. til skipa voru 399 (503). Alls voru þessi útlán 2.077 (2.244) á árinu.

**PANTANIR:** Á árinu voru afgreiddar 320 pantanir á bókum (vegna lána), sem er verulega meira en s.l. ár (260).

**LÁNÞEGAR:** Áætlað er að virkir lánþegar séu nokkru færri en s.l. ár, eða um 700.

**SAFNGESTIR:** Áætlað er að á bilinu 15-17.000 gestir hafi komið í safnið á árinu.

**SKRÁNING:** Allur safnkostur frá 1988 hefur verið skráður í nýja tölvukerfið, auk þess hefur safnið séð um að skrá allan safnkost Grunnskólans og Fræðsluskrifstofunnar í kerfið. Prentaðir eru listar eftir þörfum. Í árslok keypti safnið 2 eintök af leitarhluta tölvukerfisins til uppsetningar í Grunnskólanum og á Fræðsluskrifstofunni.

Með þessu móti skapast veruleg hagræðing í skráningarvinnu og samnýtingu safnkosts, en hægt verður að leita að bókum allra safnanna / stofnananna á sama stað (t.d. geta kennarar leitað í skráum Bæjarbókasafnsins í sínum skóla).

**STARFSLIÐ:** Sama og á fyrra ári: Edda B. Kristmundsdóttir, bókasafnsfræðingur (66%), Elín Magnfreðsdóttir, bókavörður (66%), Jóhann Hinriksson, forstöðumaður (100%) og Þórdís Þorleifsdóttir, bókavörður (66%), auk Sigmundar Guðmundssonar sem vann við bókband tilfallandi.

**ÚTLÁNATÍMAR:** Í aðalsafni var opið 29 klst. á viku í október - maí, en 19 klst. á viku í júní - september. Safnið í Hnífsdal var opið 4:30 klst. á viku í okt. - maí.

**SAFNKOSTUR:** Í árslok taldist safnkosturinn vera 64.724 bindi en var (63.994) í ársbyrjun. Aukningin er 730 bindi miðað við (1.033) árið á undan.

Keyptar voru 850 bækur, sem er enn minna en áður (989).

Undanfarin 5 ár hafa bókakaup verið verulega minni en áður, og horfur fyrir 1992 mjög slæmar, enda hefur það komið illa niður á þjónustu safnsins, dregið verulega úr útlánum og aukið stórlaga alla fyrirhöfn við útlán.

Þegar safnið naut enn prentskila (þ.e. fékk ókeypis 1 eintak af öllu sem prentað var á landinu) voru meðalbókakaup um 1.100 bindi á ári (1970-1977). Meðalfjöldi prentskilabóka var 425 eintök á ári - samtals var því aukningin um 1.520 eintök að jafnaði á ári.

Meðalbókakaup lengst af síðan, eða á árunum 1978 til 1986, voru 1.374 bindi á ári, auk um 50 bóka frá Landsbókasafni, þ.e. bækur útgefnar af ríkinu, eða með ríkisstyrk sbr. lög um skylduskil til safna nr. 43/1977 13. gr.

Undanfarið, frá 1987 til 1992, stefnir í að meðalbókakaup verði innan við 900 eintök á ári. Bókum frá Landsbókasafni hefur töluvert fækkað undanfarið, eru nú um 20 á ári.

Bækur gefnar safninu voru 72 (miðað við 272 árið 1990). Afskrifaðar voru 192 bækur, nokkru minna en s.l. ár (228). 28 bækur voru bundnar inn, en þær voru (94) s.l. ár.

Yfir 1.000 bókum var pakkað í um 50 kassa og komið í geymslu á Byggðasafninu - þar eru nú liðlega 800 kassar, eða um þriðjungur alls bókasafnsins.

**HÚSNÆÐI:** Unnið var að viðgerðum á Gamla sjúkrahúsinu fyrir rúmlega 6.000.000 kr. Ofnakerfi var endurnýjað, rafkerfi í kjallara ásamt aðaltöflu endurnýjað, settir voru upp eldvarnaveggir og - hurðir, geymslur í kjallara málaðar, bóka- og skjalahillur keyptar, auk ýmissa bráðaviðgerða utanhúss. Stefnt er að flutningi á öllum bókum og skjölum úr kjallarageymslum og risi sundhallarbyggingarinnar (yfir 40.000 bindi) í byrjun næsta árs (1992) í geymslurnar á Gamla sjúkrahúsinu. Veruleg vinna er framundan vegna flokkunar, uppröðunar og umbúnaðar á þessum safnkosti.

**STOFNANIR:** Þjónusta við stofnanir (þ.e. sjúkrahús, elliheimil, Hlíf, dagheimili og hótelið) var með svipuðum hætti og undanfarið. Aðallega er um að ræða útlán ásamt skráningu og frágangi á safnkosti þessara stofnana.

**SKÓLAR:** Eins og undanfarið hefur safnið séð um flokkun og skráningu á bókum Grunnskólans. Lokið er innslætti á öllum safnkosti skólans í tölvukerfi og til stendur að setja upp leitarkerfi (hugbúnað) í tölvu skólans. Er nú meginhluti safnsins sæmilega búinn til notkunar.

Framhald var á safnkynningu fyrir nemendur Grunnskólans. Vonir standa til að ráðinn verði skólasafnvörður á næstunni og er stefnt að skipulegri samvinnu safnanna - ekki síst til að reyna að sporna við síminnkandi lestri barna og unglinga.

Bókasafnið hefur sinnt þörfum nemenda við Menntaskólann fyrir ítarefni (bókum og tímaritum) að verulegu leyti, en mikið hefur vantað á skipuleg vinnubrögð af hálfu skólans við þetta starf. Er full ástæða til að koma á föstu vinnulagi á þessa samvinnu.

Með auknu húsrými og fullkomnum tölvubúnaði bókasafnsins má stórbæta þessa þjónustu og auka hagkvæmni. Jafnframt er eðlilegt að Menntaskólinn taki þátt kostnaði við þessa samvinnu eins og Grunnskólinn, en um það hefur ekki verið að ræða undanfarin ár.

**HREPPSBÓKASÖFN:** Samstarf við þessi söfn var með líku sniði og undanfarið. Safnauki Súðavíkursafns hefur verið skráður og útbúin til útlána hér. Bókasafnið í Reykjanesi var skráð og flokkað að mestu leyti og er áformað er að klára þetta verk á næsta ári.

**HÉRAÐSSKJALASAFN:** Töluvert hefur verið að gera við að sinna fyrirspurnum varðandi ljósmyndasafnið. Starfsemi safnsins hefur að öðru leyti verið óveruleg eins og undanfarið, enda ekkert húsnæði til utan súðarherbergi á Byggðasafni og slæm geymsla í sundhallarkjallara.

Eins og að framan greinir var gengið frá hluta af geymslum safnanna á Gamla sjúkrahúsinu á árinu. Keyptar voru skjalahillur fyrir eftirstöðvar af framlagi Héraðsnefndar 1989 (250.000 kr.), samtals um 180 hillumetrar. Í hillunum er rými fyrir 1620 skjalaöskjur, en það er a.m.k. fimmfalt meira rými en safnið tekur nú.

Í ljósi þess að nokkuð hefur ræst úr húsnæðisvandræðum safnsins, er nú stefnt að átaki í söfnun skjala í umdæminu á næsta ári. Hefur Jóna Símonía Bjarnadóttir, sagnfræðingur, tekið að sér að sinna þessu verki næsta sumar ef fjárveiting fæst. Sótt hefur verið um styrki frá Þjóðhátíðarsjóði og Héraðsnefnd vegna þessa verkefnis.

Í stjórn bókasafnsins og skjalasafnsins eru nú eftirtaldir:

af hálfu Ísafjarðarkaupstaðar:

Guðmundur Marínósson, Hjallavegi 4, formaður  
Ásgeir S. Sigurðsson, Urðarvegi 60, varaformaður  
Bryndís Friðgeirsdóttir, Fjarðarstræti 9  
Magni Ö. Guðmundsson, Seljalandi

af hálfu hreppa:

Ingibjörg Björnsdóttir, Súðavík  
Marías Þórðarson, Suðureyri  
Pétur Þorkelsson, Flateyri

Ísafirði, 5. maí 1992

Jóhann Hinriksson